

1274. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. janúar 2025, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigurður Sigfússon, Bjarni Þór Sigurðsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þórir Hilmarsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Arnpór Sigurðsson, Harpa Sævarsdóttir, Jennifer Schröder (mætir á staðfund kl. 18:15) og Selma Björk Grétarsdóttir varamaður.

Fjarverandi: Diljá Ámundadóttir Zoega, Jónas Yngvi Ásgrímsson og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

Gestur fundarins: Andrea Rut Pálsdóttir úr Ungliðaráði VR.

Næsti fundur: 12. febrúar 2025.

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, setti fund og bauð fundarfólk velkomið.

Dagskrá:

Gabríel Benjamin óskaði eftir dagskrárbreytingu og lagði til að stjórn syngi afmælissönginn fyrir formann, sem átti afmæli þennan dag, áður en formleg dagskrá hæfist, sem var og gert.

1. Fundargerð 1273. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerð 1273. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var send til stjórnarmanna til rafrænnar undirritunar en fundargerðir verða undirritaðar á þann hátt héðan í frá.

2. Áherslur Ungliðaráðs VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Minnisblað til stjórnar frá Ungliðaráði VR“ til kynningar.



Halla bauð Andreu Rut Pálsdóttur, sem sæti á í Ungliðaráði, velkomna á fundinn um kl. 17:30 og bauð henni að fara yfir helstu atriði í minnisblaði ráðsins til stjórnar.

Andrea Rut kynnti sig og skýrði frá því hverjir aðrir sætu í Ungliðaráði félagsins (sjá hér [umfjöllun um ráðið á vef VR](#)).

Ungliðaráð gerði könnun meðal ungs fólks í félaginu á síðasta ári til að kanna hug þess til áherslumála félagsins og ráðsins og eru niðurstöðurnar lagðar til grundvallar vinnu Ungliðaráðs. Þátttakan var mjög góð. Meðal niðurstaðna er að ungt fólk ber traust til VR og svarendur nýta sér þjónustu félagsins í ríkum mæli. Hins vegar er nokkuð stór hópur ungs fólks sem er ekki sáttur við sín lífsskjör og segjast um 30% búa við slæm lífsskjör. Ábendingar svarenda í opnum spurningum í könnuninni ríma við almenna umræðu í þjóðfélaginu, áhersla er á aðgengi að húsnæði og laun sem halda í við verðbólgu.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir mætir til fundar kl. 17:40.

Ungliðaráð telur brýnt að stjórn VR beiti sér fyrir málefnum sem snerta hagsmuni yngri félagsmanna. Ungliðaráð óskar eftir því að stjórn taki eftirfarandi til skoðunar og geri hluta að áherslum félagsins:

- Að endurskoða VR varasjóð með áherslu á að tryggja þeim stuðning og styrk sem mest þurfa á honum að halda.
- Að huga betur að málefnum foreldra með ung börn, t.d. að VR greiði fæðingarstyrk og haldi á lofti lausnum eins og heimgreiðslum.
- Að halda áfram styttingu vinnuvikunnar.
- Að stíga fastar til jarðar þegar kemur að geðheilsu vinnandi fólks og hvetji fyrirtæki sérstaklega til þess að huga að þeim þætti hjá starfsfólki,
- Að beita sér fyrir því að félagsfólk og aðrir geti búið við fjárhagslegan stöðugleika í íslensku samfélagi og er þar sérstaklega fjallað um húsnæðismál.

Umræður

Að loknum umræðum þakkaði Halla Andreu fyrir góða vinnu Ungliðaráðs, tillögur og áherslur ráðsins séi stjórn mikilvægt veganesti.

3. Kjaramál - staðan

Fyrsti liður undir þessum dagskrárlið er staða viðræðna við Ícelandair um starfsfólk á Keflavíkurflugvelli. Halla bauð Andreu að sitja fundinn áfram á meðan umræða um þennan lið fara fram, en Andrea er einn trúnaðarmanna félagsins hjá Ícelandair.

Vala Ólöf Kristinsdóttir óskaði að bókað yrði að hún sæti hjá í umfjöllum um málefni Ícelandair.



Halla sagði frá því að VR hafi átt í viðræðum við Ícelandair um bókun í síðasta kjarasamningi aðila þar sem kveðið er á um endurskoðun vinnufyrirkomulags en umræður um þá endurskoðun eru ekki hafnar. Halla benti á að hvor aðili um sig getur óskað eftir aðkomu ríkissáttasemjara í viðræðum, VR hafi óskað eftir fundi með Samtökum atvinnulífsins fyrir hönd Ícelandair í húsakynnum sáttasemjara, en ekki aðkomu hans að svo stöddu. Hvað varðar bókun um samanburð kjara starfsfólks hjá innanlands- og utanlandsflugi, en vilji er til að samræma þau kjör, þá er sú vinna ekki hafin en á að ljúka síðla árs. Mun félagið ýta á að það samtal hefjist.

Umræður

Jennifer Schröder kemur inn á staðfund kl. 18:15.

Pórir Hilmarsson fer af staðfundi á fjarfund kl. 18:45 og yfirgefur fundinn kl. 19:00.

Andrea Rut fer af fundi kl. 18:55.

Halla ræddi stöðu kjaramála um áramót og minnti á að í tengslum við gerð kjarasamninga hafi verið samkomulag um að atvinnurekendur og opinberir aðilar haldi að sér höndum þegar kemur að breytingum á verðlagi og gjaldskrárm. Gjaldskrár hækka almennt um 3,5% en nokkrir liðir umtalsvert meira, t.d. fasteignagjöld og leikskólagjöld. Halla sagði frá því að hún sé á leið í heimsókn á skrifstofu VR á austurlandi þar sem hún muni m.a. óska eftir fundi með sveitastjórn Fjarðabyggðar sem hefur tilkynnt um hækkun leikskólagjalda. Aðrir kostnaðarliðir fjölskyldna eru líka ýmist að hækka eða boðaðar hafa verið hækkanir, t.d. tryggingar en hækkun þeirra er rakin til hækkunar framlaga í náttúruhamfarasjóð, rafmagn og matvara sem Neytendasamtökin hafa gagnrýnt og segja enga innistæðu fyrir.

Halla bendir á að verðbólga sé á niðurleið en að lítið þurfi út af að bregða. Kveðið var á um fleiri en eina forsendunefnd í tengslum við gerð síðustu kjarasamninga félaga innan ASÍ en liggur ekki fyrir samstaða innan sambandsins um eina nefnd sem yrði í forsvari í endurskoðun samninga. Slíkt væri hins vegar afar æskilegt.

Halla ræðir um hagræðingartillögur ríkisstjórnar og mál þar að lútandi í samráðsgátt. Hún sagði VR þurfa að taka þátt í umræðunni og beina sjónum að niðurskurði. Sú hætta sér fyrir hendi að ráðist verði í niðurskurð á mikilvægri þjónustu og hækkun á gjaldskrárm.

Halla skýrði frá því að Ragnar Þór Ingólfsson, fyrrverandi formaður VR muni segja sig úr miðstjórn ASÍ og sem varaforseti sambandsins.

Umræður

4. Launakjör formanns og framkvæmdastjóra

Fyrir fundinum lá skjalið „Launakjör formanns og framkvæmdastjóra 2024 minnisblað“ til kynningar.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir, formaður launanefndar VR, fór yfir upplýsingar um launakjör fyrrum og núverandi formanns og framkvæmdastjóra á árinu 2024. Laun hækkuðu þann 2. febrúar 2024 um 3,25% í samræmi við kjarasamning félagsins.



5. Viðræður við Icelandair vegna gjafabréfa

Stefán Sveinbjörnsson rifjaði upp að Icelandair hafi tilkynnt félaginu um lækkun afsláttar til VR vegna gjafabréfa í flug úr 10% í 7% á síðasta ári, og hafi breytingin tekið gildi í upphafi þessa árs. Viðræður eru yfirstandandi við Icelandair og eru nokkur stéttarfélög saman í þeim viðræðum. Þessi stéttarfélög hafa keypt gjafabréf fyrir um 1 ma.kr. á ári að jafnaði.

Í viðræðum lagði Icelandair fram tillögu að magnafslætti sem myndi hins vegar aldrei fara yfir 8% að sögn Stefáns. Stefán benti á að með því að bjóða gjafabréf sé félagið í raun að beina félagsfólki sínu til Icelandair en fyrirtækið hafi sýnt lítinn sveigjanleika til að breyta sinni afstöðu en óska eftir tillögum. VR er að vinna að tillögum sem kynntar verða Icelandair.

Umræður

Halla hvatti til stjórnarfolk að senda hugmyndir að öðrum orlofskostum en gjafabréfum til skrifstofu.

6. Tenging stjórnar VR við deildir félagsins

Halla rifjaði upp að fram hafi komið ósk til stjórnar um aukna aðkomu stjórna deilda að stjórn, t.d. að formenn deilda hefðu áheyrnarrétt eða jafnvel fulla aðild. Halla benti á að margt sé framundan sem varðar skipulagsmál félagsins og ekki tímabært til að gera þær breytingar sem hér er óskað eftir. Hins vegar sé afar mikilvægt að stjórn sé í nánum tengslum við deildir og stjórnir deilda og því leggi hún til að stjórn muni árlega halda fund utan höfuðborgarsvæðisins á félagssvæði deilda. Hún hyggist heimsækja skrifstofur félagsins og leita eftir viðhorfi þeirra áður en gerðar verði breytingar á starfsreglum stjórnar í kjölfar aðalfundar 2025.

7. Vinnustaðaeftirlit hjá VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Vinnustaðaeftirlit VR 2024 minnisblað“ til kynningar.

Halla sagði mikilvægt að taka umræðuna um fyrirkomulag vinnustaðaeftirlits á vinnumarkaði. Í miðstjórn ASÍ nýlega hafi verið rætt um form eftirlitsins og mikilvægi þess til að koma í veg fyrir brotastarfsemi á vinnumarkaði. Vilji sé til þess hjá ASÍ að skoða hvort gera eigi breytingar á fyrirkomulaginu eða skoða aðrar útfærslur. Stjórn VR sé ekki að taka ákvörðun hér heldur hefja umræðuna því mikilvægt sé að félagið sé virkt í þessari umræðu og móti sína afstöðu.

Umræður

8. Breytingar á störfum og vinnumarkaði. Erindi frá Framtíðarnefnd VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Breytingar á störfum og á vinnumarkaði, minnisblað frá framtíðarnefnd VR“ til kynningar.



Þorvarður Bergmann Kjartansson, sem sæti á í framtíðarnefnd, fór yfir helstu atriði í minnisblaði nefndarinnar til stjórnar. Hann sagði mikilvægt að VR bregðist við þeim breytingum sem orðið hafa í umhverfi okkar og verkalýðshreyfingunni á undanförunum árum. Nefndin leggur fyrir stjórn að hefja vinnu við að endurskoða skipulag félagsins og skilgreiningu á starfi þess á eftirfarandi forsendum:

- VR skilgreini sig sem stéttarfélag betur en nú er gert og mögulega skoða breytingu á skipulagi félagsins.
- VR undirbúi breytingu á íslenskum vinnumarkaði til samræmis við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum.
- VR leitist við að samræma sína kjarasamninga við önnur stéttarfélög og standast allan samanburð

Halla sagði ljóst sé að þessi verkefni feli í sér viðamikla stefnumótun af hálfu félagsins.

Umræður

Að loknum umræðum lagði Halla til að framtíðarnefnd fái umboð til að halda áfram að vinna þessar hugmyndir til undirbúnings fyrir stefnumótunarvinnu stjórnar og hvernig slík stefnumótunarvinna ætti að fara fram. Áherslan ætti að vera á innihald og aðferðafræði stefnumótunar, sem yrði síðan ráðist í í kjölfar aðalfundar.

Samþykkt.

Halla óskar eftir að lengja fundartíma um hálfu klukkustund. Engar athugasemdir bárust við það.

9. Gagnaleki hjá Wise

Halla fjallað um netárás sem gerð var á Wise, hýsingaraðila VR. Hún sagði gagnrýni á upplýsingagjöf frá félaginu til stjórnar réttmæta og þaðst afsökunar á því.

VR skýrði frá málinu strax á vefsíðu sinni og samfélagsmiðlum, sjá [frétt hér](#). Halla sagði VR vinna með viðkvæm gögn félagsfólks og að þetta væri tilefni til að fara enn betur yfir það með hvaða hætti félagið getur varðveitt þau gögn og hve lengi nauðsynlegt er fyrir VR að varðveita þau. Áhersla sé lögð á að VR geymi ekki gögn lengur en brýn nauðsyn krefji. Stefán sagði frekari upplýsingar ekki liggja fyrir, Wise væri enn að meta stöðuna. VR hafi birt frétt um málið og sent persónuvernd tilkynningu um leið og VR hafi borist upplýsingar um árásins.

Umræður

10. Sameining við Leiðsögn, staðan á viðræðum

Fyrir fundinum lá skjalið „Sameining VR og Leiðsagnar minnisblað“ til kynningar.

Stefán skýrði frá því að fyrir liggi drög að starfsreglum deildar leiðsögufólks, ef af sameiningu verður. Tilgangur stofnunar deildarinnar, samkvæmt þeim reglum, er að



sameina leiðsögufólk á landinu í eitt félag. Búast má við að þessi deild verði mjög virk en innan hennar munu starfa nokkrar nefndir. Fyrirhugað er að Leiðsögn kynni drög að starfsreglum á félagsfundi í lok maí.

Umræður

11. Lagabreytingar

Fyrir fundinum lá skjalið „Lagabreytingar – minnisblað til stjórnar“ til kynningar.

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, formaður laganefndar VR, fór yfir hvað laganefnd hefur nú til umfjöllunar varðandi tillögur að breytingum á lögum félagsins sem lagðar verða fyrir aðalfund í mars. Tillögurnar snúa m.a. að starfssviði félagsfólks, framboðum til trúnaðarstarfa o.fl. Tillögurnar verða lagðar í heild sinni fyrir fund stjórnar í febrúar.

Umræður

12. Staða verkefna hjá VR

Stefán fór yfir helstu verkefni hjá verkefnastofu félagsins en hún heldur utan um stærri verkefni sem snúa að þjónustu og samskiptum við félagsfólk. Verkefnastofa var sett á laggirnar innan félagsins árið 2020.

Umræður

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 21:20